



# Aðgerðaráætlun Rangárþings eystra

Aðgerðir Rangárþings eystra

vegna COVID-19

5. útgáfa – 19. janúar 2022

*Áætlunin er sett með stoð í viðbragðsáætlun Rangárþings eystra*



## Efnisyfirlit

Tilfnið.....	2
Samhengi .....	2
Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig.....	3
<b>Heilsuefling 60+</b> .....	4
<b>Félagsstarf eldri borgara</b> .....	5
Þjónusta og starfsemi á vegum Rangárpings eystra .....	5
<b>Skrifstofa Rangárpings eystra</b> .....	5
<b>Áhaldahús</b> .....	5
<b>Hvolsskóli</b> .....	6
<b>Leikskólinn Örk</b> .....	6
<b>Íþróttamiðstöð</b> .....	8
<b>Félagsmiðstöðin Tvisturinn</b> .....	9
<b>Héraðsbókasafn</b> .....	9
<b>Tónlistarskóli Rangæinga</b> .....	10
<b>Félagsheimili</b> .....	10
<b>Starfsemi Félags- og skólþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu</b> .....	11
Almenn tilmæli.....	12
Á við um alla starfsemi og starfsmenn sveitarfélagsins.....	12
<b>Opnunartími og heimsóknir almennt</b> .....	12
<b>Fundir</b> .....	12
<b>Eldhús, kaffi og veitingar</b> .....	12
<b>Hreinlæti og merkingar</b> .....	12
<b>Fjarvinna</b> .....	13
<b>Ferðalög</b> .....	13
<b>Starfsfólk almenn fyrirmæli</b> .....	13
Frekari upplýsingar .....	14
Gögn og upplýsingar annarra .....	14



## Tilefnið

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna COVID-19 veirunnar. Stjórnendur Rangárbæings eystra leggja sig fram við að fylgjast vel með þróun mála. Viðbrögð við stöðunni eru endurmetin jafnóðum, sem og ráðstafanir sveitarfélagsins, út frá tilkynningum og leiðbeiningum almannavarna og landlæknis.

Byggt er á þeim forsendum, að aðgerðir almannavarna og landlæknis snúist núna fyrst og fremst um að hægja á dreifingu veirunnar og verja þau fyrir veirunni sem eru viðkvæmust fyrir, t.d. eldra fólk og þau sem hafa undirliggjandi sjúkdóma.

Meginreglan hjá Rangárbæingis sveitarfélagi eystra er sú að nálgast viðfangsefnið af yfirvegum og fylgja eftir öllum tilmælum yfirvalda, eins og almannavarna og landlæknisembættis. Af frekari varúðarráðstöfunum og með tilliti til aðstæðna í okkar byggðarlagi er gengið lengra þegar ástæða er talin til. Forsendur kunna að breytast hratt og verður aðgerðaráætlunin uppfærð jafnóðum.

## Samhengi

Gefin var út **viðbragðsáætlun** Rangárbæings eystra við heimsfaraldri af völdum COVID-19, 2. útgáfa, 13. mars 2020. [Sjá hér á heimasíðu sveitarfélagsins.](#)

Til að fylgja eftir viðbragðsáætluninni hafa stjórnendur Rangárbæings eystra sett saman **aðgerðaáætlun**, til leiðbeiningar fyrir stjórnendur og starfsfólk sveitarfélagsins. Í henni eru skilgreindar þær **ráðstafanir** sem gerðar eru í stofnunum og starfsemi Rangárbæings eystra til að:

- varna sem mest útbreiðslu og draga úr áhrifum veirunnar
- undirbúa skerta starfsemi, en með sem minnstri röskun, miðað við aðstæður.

Þær ráðstafanir sem snerta beint notendur þjónustunnar og íbúa verða svo birtar opinberlega sem tilkynningar. Upplýsingar verða birtar á vef sveitarfélagsins, á facebook síðu þess sem og með tölvupósti eftir því sem við á í hverju tilviki.



## Tilkynningar um ráðstafanir og þjónustustig

Athugið að tilkynningar um breytingar á þjónustu verða sendar út jafnóðum. Hér á eftir kemur samantekt með ráðstöfunum og þjónustustigi stofnana sveitarfélagsins.

### Fyrir eldri borgara

Markmið breytinganna á þjónustu við eldri borgara er að vernda hópinn sem er í mestri áhættu fyrir smiti vegna Covid-19, skv. leiðbeiningum landlæknis. Það er m.a. gert með því að draga úr samgangi fólks og huga vel að því á hvernig stöðum/svæðum fólk kemur saman.

Útgangspunktur okkar allra er að loka ekki á alla þjónustu, félagsstarf eða starfsemi, heldur finna leiðir til að veita þjónustu eða bregðast við aðstæðum með því að fara aðrar leiðir, eftir því sem hægt er.

### **Hjúkrunar og dvalarheimilið Kirkjuhvoll**

Í lok desember var ákveðið að takmarka fjölda einstaklinga í heimsókn til heimilisfólks og má einn til tveir koma í einu og að það sé sá sami að minnsta kosti næstu 7 daga. Grímuskylda er í heimsóknum og eiga gestir einungis að dvelja inn á herbergjum aðstandenda sinna. Óbólusettir og einstaklingar 30 ára og yngri eru beðnir vinsamlegast að koma ekki í heimsókn. Ef íbúi er veikur er hvert tilvik metið sérstaklega í samráði við aðstandendur.

Ekki koma í heimsókn ef:

- a. Þú ert í sóttkví
- b. Þú ert í einangrun eða að bíða eftir niðurstöðu úr sýnatöku
- c. Þú hefur verið í einangrun og ekki eru liðnir 14 dagar frá útskrift.

a. Þú ert með einkenni (kvef, hósta, hita, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki, niðurgang o.fl.).

Munið að þvo og/eða spritta hendur áður en heimsókn hefst og að henni lokinni. Ekki koma við neitt í almannarýmum, farið beint inn til íbúa og beint út aftur.



Athugið að heimsóknin er til ættingja þíns, staldrið ekki við til að ræða við aðra íbúa, ættingja eða starfsfólk – notið síman frekar til að fá upplýsingar frá starfsfólki um líðan íbúans.

Virðið 2ja metra regluna og forðist snertingu við íbúa eins og hægt er.

Hárgreiðsla og hársnyrting/fótaaðgerð og fótsnyrting: Er aðeins leyfð fyrir heimilismenn á Kirkjuhvoli og einstaklinga sem eru hjá okkur í dagdvöl.

Heimilinu er skipt í þrjár deildar og borða flestir heimilismenn þar á matmálistímum. Reynt er að halda sem mest sama starfsfólkinu á hverri deild í ákveðin tíma og minnka þannig samgang milli deilda. Allir starfsmenn Kirkjuhvols eru með maska við störf sín.

Íbúar hittast í félagsstarfi. Sjúkraþjálfun er í gangi. Dagdvalarrýmið hafa verið vel nýtt hjá okkur en vegna fjölgunar smita höfum við þurft að loka henni tímabundið.

Brýnt er fyrir starfsfólki að vera vakandi fyrir einkennum og fara í sýnatöku við minnsta grun. Einnig er unnið samkvæmt áætlun til að hefta smitleiðir sem allra mest. Starfsfólk er hvatt til að vera í sem minnstum samskiptum við almenning í frítíma sínum og gæta að hreinlæti.

Við höfum reynt að takmarka eins og mögulegt er samskipti við mötuneyti Kirkjuhvols.

- Tölvupóstfang ○ Almennt: [kirkjuhvoll@hvolsvollur.is](mailto:kirkjuhvoll@hvolsvollur.is) / [vakt@hvolsvollur.is](mailto:vakt@hvolsvollur.is) ○  
Hjúkrunarforstjóri: [sey@hvolsvollur.is](mailto:sey@hvolsvollur.is)

- Símanúmer: 487-8108

## **Heilsuefling 60+**

Eftirfarandi ráðstafanir eru gerðar, í samráði við umsjónamann heilsueflingu 60+:

Tímar með þjálfara í líkamsræktarstöð Rangárpings eystra hefur verið aflýst þar til annað verður ákveðið.



- Þjálfari mun þess í stað senda þátttakendur verkefnisins æfingar til að stunda heima.
- Rangárþing eystra leitast við að hafa vel mokaða og sandaða stíga til að allir geti stundað útivist.

## Félagsstarf eldri borgara

Félagsstarf eldri borgara liggur allt niðri sem stendur.

## Þjónusta og starfsemi á vegum Rangárþings eystra

Hér er farið yfir aðgerðir og breytingar á þjónustu, hjá hverri stofnun fyrir sig. Athugið að þessar upplýsingar geta breyst dag frá degi.

## Skrifstofa Rangárþings eystra

Allir starfsmenn skrifstofunnar eru í stakk búna til að vinna sín störf í fjarvinnu og vinnur hluti starfsmanna heima á hverjum tíma. Búið er að skipta niður salernisaðstöðu í þrjú mismunandi hólf. Æðstu stjórnendur, skipta með sér að vinna heiman frá og á skrifstofu og funda eingöngu í fjarfundi til að lágmarka hættu á smiti.

Komið getur til algjörar lokunar á skrifstofuhúsnæði.

- Heimasíða:
  - [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)
- Tölvupóstfang:
  - Almenn erindi: [hvolsvollur@hvolsvollur.is](mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is)
  - Byggingafulltrúi: [bygg@hvolsvollur.is](mailto:bygg@hvolsvollur.is)
- Símanúmer
  - 488-4200

## Áhaldahús

Öllum sóttvarnareglum fylgt og reynt að takmarka heimsóknir utanaðkomandi aðila

- Heimasíða:
  - [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is)
- Tölvupóstfang:



- ahaldahus@hvolsvollur.is
- Símanúmer
  - 488-4200

## Hvolsskóli

Skóladagur nemenda í 1.-10. bekk er að mestu óbreyttur og stundatafla heldur sér með blöndun hópa. Meter er á milli nemenda og tveir á milli starfsmanna.

Nánari upplýsingar eru sendar foreldrum með tölvupósti eftir því sem við á og skipulag breytist í takt við reglugerðir. Athugið að skipulag getur breyst með skömmum fyrirvara og foreldrar eru því beðnir um að fylgjast vel með tölvupósti.

- Heimasíða:
  - [www.hvolsskoli.is](http://www.hvolsskoli.is)
- Tölvupóstfang:
  - Almennt: [hvolsskoli@hvolsskoli.is](mailto:hvolsskoli@hvolsskoli.is)
  - Skólastjóri: [birna@hvolsskoli.is](mailto:birna@hvolsskoli.is)
- Símanúmer:
  - 488-4240
  - Skólastjóri: 865-8926

## Leikskólinn Örk

Lagt er upp með að takmarka sem allra mest blöndun barna á milli deilda, til að forðast að loka þurfi öllum leikskólanum komi upp smit á einni deild. Starfsfólk færast ekki milli deilda / húsa heldur verður faliðunarátætlun sett í gang ef á þarf að halda.

Börn foreldra sem starfa á heilbrigðisstofnunum og viðbragðsaðila verða látin ganga fyrir í vistun, komi til þess að senda þurfi börn heim. Aðeins er heimilt að hafa 20 kennara í sama rými og ekki fleiri en 50 börn og starfsmenn í sama rými /deild. Í útiveru eru ekki fjöldatakmarkanir.

Breyting á ferlum/vistun sem tengjast forráðamönnum og börnum:



- Foreldrar eiga að mæta með grímu þegar þeir koma með og sækja börn sín og gæta að fjarlægðartakmörkunum.
- Fundarhöld verða í algjöru lágmarki og fundir skulu fara í gegnum fjarfund ef möguleiki er á því.
- Aðlaganir nýrra barna eru með öðru sniði og foreldrar þurfa að vera með grímur í aðlöguninni. Aðeins annað foreldrið getur verið í aðlöguninni. Reynt er að hafa aðlögunina þannig að aðeins tveir eru í aðlögun í einu og reynt að halda fjarlægðarmörkum eins og unnt er.
- Ekki verður farið í bókasafn og íþróttahús eða tónlistarkennsla frá Tónlistaskólanum.
- Leikskólinn vinnur eftir Gátlista: Heilsufar leikskólabarna Sjá nánar <https://www.heilsugaeslan.is/um-hh/frettasafn/stok-frett/2020/09/15/Heilsufar-barna-a-leikskolaaldri-gatlisti/>
- Leikskólinn vinnur eftir vinnureglum Leikskólans Arkar vegna Covid-19 á heimasíðu sveitafélagsins.
- Börnin skulu vera hress og hitalaus í minnsta kosti sólarhring áður en þau koma aftur í leikskólann eftir veikindi. Foreldrar skulu vera vakandi fyrir covid einkennum barna sinna og mæta ekki með börnin í leikskólann. Einnig ef fjölskyldumeðlimur er í sóttkví /einangrun að mæta ekki með barnið á meðan sóttkví / einangrun stendur yfir. Ef fjölskyldumeðlimur fer í PCR sýnatöku að halda barni heima á meðan beðið er eftir niðurstöðu. Ef barn fer í sýnatöku þarf að senda skjáskot / afrit af niðurstöðu prófsins.

Breyting á ferlum/vistun sem tengjast starfsmönnum:

- Leikskólinn skiptist í 4 starfsstöðvar. Undraland, Litli Dímon, Ævintýraland (Hvollinn) og Tónaland (Félagsmiðstöð) og fara starfsmenn ekki á milli starfsstöðva.
- Starfsmenn Undralands taka undirbúning heima ef hægt er. Starfsmenn Tónalands taka undirbúning á kaffistofa deildarinnar.





- Kennarar þurfa að vera með grímur ef ekki er hægt að halda tveggja metra reglunni.
- Gönguferðir með hverja deild fyrir sig áfram leyfðar og starfsmenn þurfa ekki að vera með grímur.
- Starfsfólk hugi almennt hreinlæti og sóttvörnum, jafnóðum yfir daginn.
- Endurskipuleggja verkferla í ræstingu og auka sóttþreinsun.
- Morgunfundir haldnir í fjarfundi
- Færa alla fundi sem hægt er í fjarfundi.
- Ef starfsmenn eru með covid-19 einkenni, þá þurfa þeir að fara í prófun og panta skimun inn á Heilsuvera.is. senda þarf niðurstöðu til leikskólastjóra um niðurstöðu prófs.

Nánari upplýsingar eru sendar foreldrum með tölvupósti og í tilkynningum á Karellen. Athugið að skipulag skólahalds getur breyst með skömmum fyrirvara og foreldrar eru því beðnir um að fylgjast vel með á skilaboðum á tölvupósti.

- Heimasíða: <http://ork.leikskolinn.is/>
- Tölvupóstfang:
  - Almennt: [leikskoli@hvolsvollur.is](mailto:leikskoli@hvolsvollur.is)
  - Skólastjóri: [solbjort@hvolsvollur.is](mailto:solbjort@hvolsvollur.is)
- Símanúmer
  - 488 4270 / 848-4270

## Íþróttamiðstöð

Þrif á snertiflötum hafa verið aukin, sóttþreinsir aðgengilegur í opnum rýmum, klósettum og líkamsrækt.

Settar hafa verið takmarkanir á fjölda gesta og þjónustu til að lágmarka hættu á smiti milli gesta.

- Takmörkun á fjölda gesta í líkamsrækt við 8-9 manns.
- Takmörkun á fjölda gesta í hverjum heitum potti 4 manns.



- Takmörkun á fjölda gesta í vaðlaug 8 manns.
- Takmörkun á fjölda gesta í sundlaug 15 manns.
- Takmörkun á fjölda gesta í kalda karið 1 manneskja.
- Takmörkun á fjölda gesta í gufubað 4 manns.
- Alls mega var 28 gestir í sundlauginni og pottum á sama tíma.
  
- Heimasíða:
  - <https://www.hvolsvollur.is/is/ibuar/ithrottamidstodin>
- Tölvupóstfang:
  - Almennt: [sundlaug@hvolsvollur.is](mailto:sundlaug@hvolsvollur.is)
  - Forstöðumaður: [olafur@hvolsvollur.is](mailto:olafur@hvolsvollur.is)
- Símanúmer
  - 488-4297

## Félagsmiðstöðin Tvisturinn

Búið er að fresta öllum skipulegum viðburðum á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Starfsemi félagsmiðstöðvar mun liggja niðri þar til annað verður ákveðið.

- Heimasíða:
  - [www.facebook.com/felo.tvisturinn](http://www.facebook.com/felo.tvisturinn)
- Tölvupóstfang:
  - Almennt: [tvisturinn@hvolsvollur.is](mailto:tvisturinn@hvolsvollur.is)
  - Forstöðumaður: [throstur@hvolsvollur.is](mailto:throstur@hvolsvollur.is)
- Símanúmer
  - 488-4290
  - 691-1270

## Héraðsbókasafn

Stefnt er á að halda óskertri þjónustu bæði við skóla og almenning en það verður endurskoðað í samræmi við tilmæli sóttvarnarlæknis á hverjum tíma.

- Heimasíða:
  - [www.facebook.com/heradsbokasafn](http://www.facebook.com/heradsbokasafn)
- Tölvupóstfang:
  - Almennt: [bokrang@bokrang.is](mailto:bokrang@bokrang.is)



- Forstöðumaður: [elisa@bokrang.is](mailto:elisa@bokrang.is)
- Skólabókavörður: [margret@bokrang.is](mailto:margret@bokrang.is)
  
- Símanúmer
  - 488-4235
  - 488-4237
  - 690-0573

## Tónlistarskóli Rangæinga

Einstaklingskennsla fer fram undir þeim skilyrðum að halda 1 metra reglu milli starfsfólks og nemenda og hópkenndsla fer fram með þeim skilyrðum að ekki fleiri en 50 einstaklingar séu í sama rými í einu. Allir fæddir 2005 og fyrr, sem og starfsmenn skulu nota andlitsgrímur ef nálægðartakmörkunum verður ekki við komið, sé þess kostur.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í tónlistarskólann nema nauðsyn beri til.

Tónfundir og tónleikar eru heimilir og fylgja reglum um viðburði.

Ef nemendur eru með einhver einkenni covid-19 eru þau beðin um að halda sig heima.

Ef einhver mál koma upp er best að leysa það með tölvupósti eða símleiðis.

Skrifstofa skólans á Hvolsvelli er opin frá 9:00 - 11:30 mán. - fim.

Sími: 488-4280

Vigdís Guðjónsdóttir ritari: [tonrangrit@tonrang.is](mailto:tonrangrit@tonrang.is).

Viðtalstímar skólastjóra eru eftir samkomulagi.

Sandra Rún skólastjóri: [tonrang@tonrang.is](mailto:tonrang@tonrang.is)

Heimasíða skólans: <https://www.tonrang.is/>

## Félagsheimili

Félagsheimilin eru opin en ekki er leyft að vera fleiri en 10 saman í hóp þar samkvæmt reglum um samkomutakmarkanir.



## Starfsemi Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Líkt og aðrar stofnanir fylgir Félags- og skólaþjónustan leiðbeiningum og ákvörðunum stjórnvalda frá degi til dags. Eftirfarandi ráðstafanir hafa verið gerðar:

- Allir þjónustubættir félagsþjónustu eru virkir; barnavernd og grunnþjónusta sveitarfélaganna sem er undir verkstjórn og á ábyrgð hennar, þ.e. félagsleg heimaþjónusta, liðveisla og akstursþjónusta.
- Starfsmenn félagsþjónustu vinna á vöktum til skiptis á skrifstofu og heima til að tryggja órofinn rekstur.
- Takmörkun á heimsóknnum skjólstæðinga á skrifstofu félagsþjónustunnar, lagt upp með að leysa erindi með síma, tölvupósti og fjarfundi.
- Öll lögbundin þjónusta skólaþjónustunnar við skóla, foreldra og nemendur er virk en ráðgjafar koma eingöngu í skólana ef brýna nauðsyn ber til.
- Frestað er fundum sem ekki eru brýnir og frekar notast við fjarfundi, símafundi og tölvupóst.
  
- Heimasíða Félags- og skólaþjónustunnar er:
  - <http://www.felagsogskolamal.is/>
- Tölvupóstföng:
  - Félagsþjónusta: felagsmal@felagsmal.is
  - Skólaþjónusta: skolamal@skolamal.is
- Þjónustusímar eru:
  - Félagsþjónusta: 487-8125
  - Skólaþjónusta: 487-8107
  - Barnavernd 112 (eftir kl. 16 virka daga, kvöld, helgar og hátíðardaga)



## Almenn tilmæli.

### Á við um alla starfsemi og starfsmenn sveitarfélagsins.

#### Opnunartími og heimsóknir almennt

Tekið hefur verið fyrir heimsóknir í stofnanir og húsnæði sveitarfélagsins, nema fyrir þau sem þangað eiga brýn erindi. Það er í höndum forstöðumanna stofnana að sjá um framkvæmd á þessu. Við óskum eftir góðri samvinnu og skilningi.

#### Fundir

- Öllum fundum sem ekki þarf nauðsynlega að halda eða taka þátt í, skal sleppa.
- Fundi nefnda, ráða og sveitarstjórna Rangárbings eystra má halda sem fjarfundi, ef nauðsyn krefur, sbr. breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Tímabundin heimild er til frávíks frá samþykktum sveitarfélagsins. Unnið er að endurskoðun samþykktu Rangárbings eystra þar sem heimild til fjarfunda verður til frambúðar.
- Fyrir vinnufundi og óformlega fundi skal nýta fjarfundabúnað (Zoom, Skype eða Teams).
- Starfsfólk sveitarfélagsins skal ekki taka þátt í fundum með utanaðkomandi aðilum, nema brýna nauðsyn beri til. Ávallt skal þó leita eftir því að taka þátt gegnum fjarfundabúnað.

#### Eldhús, kaffi og veitingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Matar- og kaffitímar (áhöld, aðferðir, frágangur) endurskipulagðir.
- Sameiginlegir kaffifundir með veitingum fyrir starfsfólk skulu ekki haldnir.
- Framboð af matvælum í ísskáp takmarkað við matvæli í lokuðum umbúðum (skyr, jógúrt, lokaðar fernur og flöskur, o.s.frv.) Matur starfsfólks sé í lokuðum umbúðum.

#### Hreinlæti og merkingar

- Leiðbeiningum almannavarnadeildar RLS og landlæknis fylgt.
- Hvetjum til hreinlætis, en þar skiptir handþvottur með volgu vatni og sápu langmestu máli skv. leiðbeiningum.



- Í stofnunum okkar skal hugað sérstaklega að góðu aðgengi til handþvottar og sprittunar, fyrir starfsfólk og notendur þjónustu.
- Að upplýsa og fræða: Hengja skal upp leiðbeiningar/hvatningu til handþvottar (fyrir starfsfólk og aðra) á viðeigandi stöðum og á nokkrum tungumálum (íslensku, ensku, pólsku hið minnsta).
- Forstöðumenn hafa séð til þess að áherslur í þrifum voru endurskoðaðar og farið yfir það með starfsmönnum í ræstingu. Lögð áhersla á að þrifa og sótthreinsa sérstaklega vel alla snertifleti; s.s. handrið, hurðarhúna, stólarma, borð, o.s.frv. reglulega yfir daginn.

## Fjarvinna

- Fjarvinna er viðhöfð að hluta þ.e. í störfum þar sem það á við
- Komi til þess að starfsfólk fari í sóttkví á það að starfa í fjarvinnu, eins og kostur er. Forstöðumaður ákveður, í samráði við starfsmann, hvaða viðfangsefnum starfsmaður á að sinna í fjarvinnu.
- Forstöðumenn stofnana gera ráðstafanir til undirbúnings, þannig að þetta sé hægt, í samræmi við fjárheimildir ársins eða fjármálastjóra, ef fara þarf umfram fjárheimildir.

## Ferðalög

- Fyrirhuguðum ferðum tengdum vinnu hjá starfsmönnum Rangárbings eystra í mars og apríl hefur verið frestað. Endurskoðað eftir þörfum í samráði við aðgerðir almannavarna og sóttvarna.
- Allt starfsfólk er beðið um að upplýsa næsta stjórnanda um ferðalög sín á eigin vegum á næstunni. Sjá næsta kafla.
- Starfsfólk er hvatt til að stilla ferðalögum í hóf í samræmi við samkomubann.

## Starfsfólk almenn fyrirmæli

- Farið eftir gildandi sóttvarnarreglum hverju sinni



- Þau sem finna fyrir einkennum COVID-19 mæti ekki í vinnu og fari strax heim finni þau fyrir veikindum eftir að mætt er til vinnu. Hafi strax samband við næsta yfirmann og fari í sýnatöku.
- Þeir starfsmenn sem eru útsettir fyrir COVID-19 og eiga að fara í smitgát, sóttkví eða einangrun skulu strax hafa samband við næsta yfirmann. Fara svo eftir gildandi sóttvarnareglum.
- Um greiðslur Rangárþings eystra til starfsfólks vegna veikinda og sóttkvíar vegna COVID-19, fer samkvæmt kjarasamningum og leiðbeiningum Sambands Íslenskra sveitarfélaga hverju sinni.

## Frekari upplýsingar

Tilkynningar eru settar jafnóðum á vef Rangárþings eystra: <http://www.hvolsvollur.is>

Við erum einnig á Facebook: <https://www.facebook.com/rangarthingeystra/>

Senda má fyrirspurn á netfangið [hvolsvollur@hvolsvollur.is](mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is), sem er vaktað pósthólf, eða hringja í 488-4200 (ráðhús).

Þá er hægt að óska eftir og skila inn gögnum, svo og sækja um ýmsa þjónustu og leyfi á vef Rangárþings eystra: <http://www.hvolsvollur.is>

## Gögn og upplýsingar annarra

Minnt er á vefinn [Covid.is](https://www.covid.is) þar sem nálgast má allar helstu upplýsingar um COVID-19 sem eru uppfærðar í rauntíma.

Landlæknir - [vefur - upplýsingar um stöðu mála og upplýsingar m.a. um bólusetningar](#)

Almannavarnir - [vefur - upplýsingar um stöðu og framvindu mála, auk ráðlegginga.](#)

Almannavarnir hafa einnig gefið út [ráðleggingar um mannamót](#) með tilliti til faraldursins sem allir eru hvattir til að kynna sér.



[Samband Íslenskra sveitarfélaga - ýmsar leiðbeiningar og handhægar upplýsingar á fleiri tungumálum.](#)

## Endurskoðun áætlunar

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum sveitarstjóra og skal hún endurskoðuð reglulega. Ef miklar breytingar verða á starfsemi sveitarfélagsins og stofnunum þess skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

*Samþykkt af Sveitarstjórn Rangárbings eystra*

*10. febrúar 2022*

---

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>